

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. maí 2012
Tilvísun: UST20120400150/bs

Aðalskipulag Reykjavíkur - Breyting - Landspítali háskólasjúkrahús - Holtsgöng. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar dags 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að stofnbraut (Holtsgöng) eru felld út. Einnig fela breytingarnar í sér aukið byggingarmagn á svæði NLSH og breytta legu stofn og tengistíga á svæðinu milli gömlu og nýju Hringbrautar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Holtsgöng

Í breytingartillögu kemur fram að Holtsgöngum hafi einkum verið ætlað að létta á umferðarálagi á Lækjargötu og Sóleyjargötu og auðvelda aðgengi að miðborginni frá Hringbraut. Fullyrt er að niðurfelling Holtsganga muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér, þrátt fyrir að áætlanir geri ráð fyrir aukinni umferð um fyrnefndar götur.

Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir áhrifum á þær götur sem bera munu aukna umferð m.t.t. til hljóðvistar og loftgæða í ljósi þess að fallið verður frá lagningu Holtsganga. Einnig hefði mátt meta flutningsgetur aðkomuleiða að LSH í ljósi þeirra aukningar á umferð um þessar götur sem umferðaspár gera ráð fyrir.

Umhverfisstofnun bendir á að skýra eigi hvað átt er við í greinargerð þegar talað er um "fullbyggð miðbæjarsvæði í fjarlægri framtíð". Stofnunin telur einnig óheppilegt að vinna annars vegar með ýmsar áætlanir, s.s. samgönguáætlun, svæðisskipulag Reykjavíkur og aðalskipulag Reykjavíkur sem gilda lengst til 2024 og hins vegar "fjarlæga framtíð" sem er óskilgreint í breytingartillögu. Gera hefði átt greinarmun á umhverfisáhrifum breytingar á aðalskipulagi annars vegar á gildistíma aðalskipulags og hins vegar áhrif breytingar í "fjarlægri framtíð".


Landspítali háskólasjúkrahús

Varðandi breytingu á byggingarmagni á svæði LSH telur Umhverfisstofnun ófullnægjandi að skoða þessa breytingu "lauslega í umhverfismati aðalskipulagsins" eins og segir í breytingartillögu og að öðru leyti vísa til nánari umfjöllunar sem ráðgerð er í umhverfismati deiliskipulags. Umhverfisstofnun telur að þar sem hér er um að ræða verulega aukningu á


byggingarmagni eigi að fjalla sérstaklega um þessa breytingu á aðalskipulagi með tilliti til umhverfisáhrifa s.s. vegna aukinnar umferðar, þ.e. að aðskilja breytingartillögu um Holtsgöng frá tillögu um aukið byggingarmagn sbr. umsögn Seltjarnarness sem fram kemur í umræddri greinargerð. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um umhverfisáhrif breytingar á byggingarmagni á svæði LSH ófullnægjandi í umræddri breytingartillögu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Ekki er nægjanlegt að skoða áhrif breytingarinnar "eingöngu lauslega" eins og segir í umræddri breytingartillögu og vísa til frekari umfjöllunar sem ráðgert er að fari fram í umhverfismati deiliskipulags. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi fram frekari upplýsingar um umhverfisáhrif umræddrar breytingar á aðalskipulag Reykjavíkur til að unnt sé að fjalla á upplýstan hátt um þau umhverfisáhrif sem breyting mun hafa í för með sér. Stofnunin telur ófullnægjandi að ætla umsagnaraðilum að byggja umsögn sína um umrædda breytingu á aðalskipulagi á upplýsingum sem ráðgert er að leggja fram á síðari stigum skipulags á svæði LSH.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytta legu stofn og tengistíga á svæðinu milli gömlu og nýju Hringbrautar.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri



Björn Stefánsson